



Innsetningarræða
forseta Íslands
Vigdísar Finnbogadóttur
1. ágúst 1980

Góðir samtíðarmenn,

Við stöndum á þessari stundu á þeim tímamótum, að nýr forseti Íslands tekur við embætti. Sem einstaklingi verður mér fyrst fyrir að hugleiða það traust, sem mér hefur verið sýnt með kjöri mínu til mikils virðingarembættis í íslensku samfélagi, sem hefur verið nefnt sameiningartákn okkar allra. Ofar öðru ríkir þó í huganum – og mun ríkja – einlæg ósk um að lýðræðislegur háttur þjóðar okkar á þessu kjöri og allri stjórnskipan okkar megi verða landinu og okkur öllum til gæfu, í skiptum okkar hvert við annað og við aðrar þjóðir.

Við þekkjum það öll af eigin raun, að á tímamótum verður hugsunin fleygari en ella. Við hugsum til fortíðarinnar og látum okkur dreyma um framtíðina, því „þangað er vonunum vorkunnarlaust, sem vegina minningin lagði.“ En raunar er líf okkar á hverri stund ofið af minningum og draumum, og draumarnir eru gullþræðimír í vefnum. Án þeirra yrði ekki unað við lífið frá degi til dags, hvorki gleði þess né sorgir. „Vér erum þelið sem draumar spinnast úr.“

Við erum oft á það minnt, að það er íslensk tunga, sem öðru fremur gerir okkur að Íslendingum. Tungan geymir sjóð minninganna, hún ljær okkur orðin um vonir okkar og drauma. Hún er hið raunverulega sameiningartákn okkar og sameiningarafl. En íslensk tunga gerir okkur ekki bara að Íslendingum; hún gerir okkur að mönnum. Hún gerir okkur að heimsþegnum, sem ber skylda til að leggja sem mestan skerf til stöðugra framfara mannsandans.

Þetta hlutskipti höfum við þegið í arf frá gengnum kynslóðum til þessa dags. Það hefur löngum verið talið að skerfur okkar til menningarsamfélags þjóðanna hafi fyrst og síðast verið fornar bókmenntir okkar og sá víðfeðmi skáldskapur og þjóðlíflýsingar, sem þær hafa að geyma og ekki hafa varðveist með öðrum þjóðum. Þá vilja oft gleymast margvíslegir gimsteinar orðsins, sem frá öld til aldar hefur geislað af á Íslandi. Og þá vill líka gleymast að með hverri kynslóð voru uppi menn á Íslandi, sem gerðu menningarstrauma úr víðri veröld að sínum og færðu þjóð sinni að gjöf. Þeir bjuggu nýjum hugmyndum stakk íslenskra orða og léðu þeim þar með nýjan svip af landinu, sem við byggjum, og þeim lífskjörum, sem það býr okkur. Því hver þjóð tileinkar sér hugmyndir á sinn veg, og á þar með ný viðhorf við sömu lífshugsjón að gefa öðrum eins og heimsþegnum ber.

Orðin eru kastalar okkar Íslendinga. Í fámenni og fátækt týndum við aldrei manndómi okkar. Við gleymdum aldrei að setja í orð – hinn eina varanlega efnivið sem við eigum – allan hag okkar og alla hugsun. Einmitt þess vegna hefur okkur reynst svo létt verk að skapa okkur fjölskrúðuga nútímamenningu. Menning hverrar

Þjóðar er harpa með þúsund strengjum. Okkar menning, sem lengi var fábreytt, á nú hljóma hörpunnar allrar: ríka myndlist, heillandi tónlist og leiklist og mikla skáldlist ekki síður en hugmyndaþríka verkmenningu.

En hvað höfum við að segja okkur sjálfum um mannlega veikleika okkar, sem við neitum af nokkru stolti að bera á torg? Við lifum á erfiðum tímum, víst er um það, og verðum að gera okkur ljósa þá ábyrgð, sem við hljótum að axla í samtíðinni til að búa í haginn fyrir framtíðina. Niðjar okkar, sem nú lifum manndómsár okkar, eiga tilkall til að við séum þeim til fyrirmyndar, án þess að við heftum þá í okkar viðjar. Sú kynslóð, sem er að kveðja, á tilkall til að vita, að við höfum veitt athygli stórbrotnu framlagi hennar til aukinna lífsgæða í harðbýlu landi. En erfiðleikarnir eru til að takast á við þá af hugþryði, raunsæi og sigurvissu. Hefðu fyrri tíma menn ekki staðið af sér erfiðleika líðandi stundar, stæðum við ekki hér í dag, frjáls til orðs og æðis.

Frelsinu fylgir, að hver og einn verður að lifa við sannleik sinnar samtíðar og taka afstöðu til hans hverju sinni. Í margbrotnu mannlífi, þar sem engar tvær manneskjur eru eins, er sannleikur þjóðlífsins sýnbreytilegur, því enginn hefur höndlað allan sannleika mannglegrar hugsunar. Við framgöngum í trú og skoðun, og á þeim vegi er dýpsta gryfjan sú vanahugsun, sem tekur gagnrýnislaust viðteknum hugsunarhætti. Listir og vísindi hafa aldrei unað viðteknum hugmyndum, heldur leitað þrotlaust að nýjum leiðum. Hvoru tveggja eigum við að þakka látlausa endurnýjun og ótalin skref fram á við. Við Íslendingar erum fámenn þjóð, og orðið flýgur hratt frá manni til manns. Því er okkur leikur einn að vekja hvert annað til gagnrýnnar umhugsunar um vandamál líðandi stundar. Það er ekki ráðamanna einna að leysa þau, heldur okkar sjálfra, hvers og eins.

En allt frelsi, jafnt frelsi þjóða sem einstaklinga, krefst aga. Agi hvers einstaklings, í hugsun og hátterni, getur aldrei leitt til annars en farsældar allrar þjóðarinnar. Við megum aldrei ganga svo lengi á sjóði, hvorki andlega né veraldlega, að ekkert sé lengur eftir til að gefa. Við höfum þegið góðar gjafir, frá fyrri kynslóðum og öðrum þjóðum. Mesta gæfa okkar væri sú að gefa ekki minna.

Við göngum nú Íslendingar, í fjórða sinn í sögu lýðveldisins, til samstarfs við nýjan forseta Íslands. Forsetar okkar hafa til þessa dags verið farsælir í samskiptum sínum við þjóðina. Við geymum í minni viturleg orð þeirra, sem oft hafa orðið fleyg, og þökkum þeim fyrir að hafa rutt ungu lýðveldi brautina með mannkostum sínum og viðmóti. Við minnumst með þakklæti herra Sveins Björnssonar og konu hans frú Georgíu Björnssonar og herra Ásgeirs Ásgeirssonar og konu hans frú Dóru Þórhallsdóttur. Fráfarandi forseta Íslands dr. Kristjáni Eldjárn og frú Halldóru Ingólfssdóttur vil ég fyrir hönd Íslendinga þakka fyrir að hafa áfram gert garðinn kunnan og virtan sem fyrirrennarar þeirra, og fyrir það vinarþel sem ætíð hefur af þeim stafað hvar sem þau hafa farið. Það er gott að vita af þeim meðal okkar með svo sómaríkan feril sem raun ber vitni. Þeim munu ávallt fylgja óskir um heillaríka daga.

Að lokum vildi ég minnst þess manns, sem allir Íslendingar muna og þekkja eins og náinn ættmann og fyrstur naut þess heiðurs að vera nefndur forseti af þjóð sinni, Jóns Sigurðssonar. Í byrjun þessa ágústmánaðar, í einhverri mestu veðursæld sem komið hefur yfir Ísland, minnumst við að Hrafnseyri við Arnarfjörð hundrað ára ártíðar hans. Líf hans og starf fyrir land og þjóð verða okkur alla daga hugstæð fyrir þann skerf sem hann lagði til sjálfstæðis okkar og frelssis. Þó er ennþá betra til þess að vita, að Jón Sigurðsson var góður Íslendingur af því að hann var mikill maður. Grafskrift hans vildi ég, að allir Íslendingar gerðu að einkunnarorðum sínum, hvar sem þeir eru staddir: að vera ávallt sómi Íslands, sverð þess og skjöldur.